

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2002, þriðjudaginn 10. desember var haldinn 13. fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Suðurlandsbraut 34, og hófst kl. 9:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson, Tryggvi Friðjónsson, Sveinn Kristinsson, Björn Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson og Stefán Jón Hafstein.

Auk þess sátu fundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Hólmsteinn Sigurðsson aðstoðarforstjóri og fleiri starfsmenn Orkuveitunnar.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram að nýju erindi Ásgeirs Margeirssonar frá 22. f.m. varðandi þátttöku Orkuveitu Reykjavíkur í fasteignafélagi, sem frestað var á síðasta fundi.
Lagt fram minnisblað frá Deloitte & Touche til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 3. þ.m. varðandi samanburð á valkostum að eiga eða leigja fasteign. Á fundinn kom Birgir Finnbogason endurskoðandi og Ragnar Atli Guðmundsson. Frestað.
2. Lögð fram fjárhagsáætlun 2003. Drög I með sölu fasteigna og fjárhagsáætlun 2003. Drög I án sölu fasteigna.
Fjárhagsáætlun 2003. Drög I án sölu fasteigna samþykkt.
3. Lagt fram minnisblað dags. 6. þ.m. frá Hólmsteini Sigurðssyni aðstoðarforstjóra stílað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur varðandi stækkun Nesjavallavirkjunar – kaup á vélasamstæðu.
Stjórnin samþykkir minnisblaðið fyrir sitt leyti.
4. Á fundinn kom borgarlögmaður og gerði grein fyrir störfum og stöðu stjórnarmanna Orkuveitunnar.
Ennfremur var lögð fram greinargerð Eiríks S. Svavarssonar hdl., dags. 30. september s.l. um athugun á rekstrareinginum A- og B- hluta borgarsjóðs og stjórnarfyrikomulagi B-hluta fyrirækja Reykjavíkurborgar m.t.t. ábyrgðar, eftirlits og upplýsingaskyldu.
5. Lagt fram bréf borgarstjóra frá 3. þ.m. varðandi tillögu, sem samþykkt var í borgarráði um skýrslu vegna kostnaðar við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur. Formaður lagði til að endurskoðanda Orkuveitunnar verði falið að vinna að málinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að borgarendurskoðanda, endurskoðanda Orkuveitunnar og fulltrúa frá Fasteignastofu Reykjavíkurborgar yrði falið að kanna málið.
Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins fékk 2 atkvæði gegn 4 og var felld.
Tillaga stjórnarformanns var síðan samþykkt með 4 atkvæðum.

6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi yfirstjórn Elliðaáa, sem frestað var á síðasta fundi.
Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 2.
7. Lagt fram minnisblað frá Deloitte & Touche dags. 9. þ.m. varðandi eignahluta í Vélamiðstöðinni e.h.f. o.fl.

Fundi slitið kl. 11:15

Alfreð Þorsteinsson,
Björn Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Stefán Jón Hafstein, Sveinn Kristinsson, Tryggvi Friðjónsson.